



SAMNINGUR

UM NOTKUN Á ORÐ- OG MYNDMERKINU „ÍSLENSKT- STAÐFEST“

SAMNINGUR

um leyfi til notkunar orð- og myndmerkisins „ÍSLENSKT STAÐFEST“

1. Leyfi

Bændasamtök Íslands (í samningi þessum *BÍ*), Hagatorgi 1, 107 Reykjavík, veitir hér með

Nafn fyrirtækis og kennitala (í samningi þessum *notandi*) _____

leyfi til að nota orð- og myndmerkið *ÍSLENSKT STAÐFEST*¹ (í samningi þessum *merkið*).

Í samningi þessum eru sett fram réttindi og skyldur notanda.

Leyfis-/umsóknarnúmer: _____

Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum eru óframseljanleg, sbr. þó 1. mgr. 9. gr..

2. Notkun merkisins

Notanda er heimilt að nota merkið að því gefnu að *notandi* uppfylli neðangreindar kröfur:

- a) *Notandi* fylgir og uppfyllir öll skilyrði sem sett eru fram í „Staðli um notkun upprunamerkisins Íslenskt Staðfest“ (í samningi þessum *staðallinn*).
- b) *Notandi* og vara notanda uppfylli reglur sem gilda um markaðssetningu og merkingu vara.
- c) Aðrir aðilar (undirverktakar) sem framleiða, pakka og/eða merkja vörurnar að beiðni *notanda*, þurfa jafnframt að uppfylla kröfurnar og reglur er gilda um notkun merkisins.

Geri *BÍ* breytingar á kröfum sem settar eru fram í staðlinum skal það tilkynnt *notanda*. Breytingar á reglum gilda ekki afturvirk. Séu breytingarnar þess eðlis að *notandi* telur sig ekki geta uppfyllt ný viðmið, hefur notandi heimild til að segja samningnum upp, sbr. 7. gr.

3. Leyfisgjöld og kostnaður

Notandi skuldbindur sig til þess að greiða leyfisgjöld og kostnað í samræmi við staðal merkisins og telst staðallinn hluti af samningi þessum. Breytingar á leyfisgjaldi og kostnaði skulu tilkynntar fyrir 30. september ár hvert og gildir fyrir gjaldtöku næsta árs þar á eftir.

4. Úttektir

Notandi skal tryggja að innra eftirlit sé framkvæmt árlega á eigin starfsstöðvum og hjá undirverktökum, sbr. skilyrði í 5. kafla staðalsins.

Til viðbótar við innra eftirlit er *BÍ* heimilt að láta framkvæma úttektir hjá notanda og undirverktökum hans sem fara með vinnslu, pakkningu og eða merkingar viðkomandi vara, sbr. skilyrði í 6. kafla staðalsins

¹ Skráð dags. 04.02.2022, skráningarnr.V0124662

5. Kynning

Notandi heimilar að nafn þess sé birt á vefsíðunni merkisins, www.stadfest.is og á öðrum miðlum. *BÍ* er jafnframt heimilt að taka saman og birta tölfræði og greiningar sem tengjast notkun vörumerkisins.

6. Trúnaður

Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda trúnaði um upplýsingar sem annar aðili hefur fengið frá honum, sem eru þess eðlis að líta beri á sem viðskiptaleyndarmál hins aðilans. Aðilar skulu einnig gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slíkar upplýsingar komist í hendur utanaðkomandi starfsmanna.

BÍ skal eingöngu fá aðgang að og nota upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla ákvæði samningsins. *BÍ* er heimilt að nota auðkenndar upplýsingar í tölfræði og greiningar um framgang merkisins.

7. Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir frá og með móttöku og skráningu hjá *BÍ*, enda hafi hann verið undirritaður og sendur *BÍ*. Uppsögn skal berast skriflega og er uppsagnarfrestur þrjú (3) mánuðir. Í uppsögn skal koma fram hvenær sölu viðkomandi vöru/vara er hætt og ásamt síðasta framleiðsludegi.

BÍ er heimilt að segja samningnum upp með þriggja (3) mánaða uppsagnarfresti. Komi til verulegra vanefnda af hálfu notanda er, t.a.m. vegna brota gegn ákvæðum í staðlinum, ásamt viðaukum, er *BÍ* heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust. Til verulegra vanefnda telst, en er ekki takmarkað við, að notandi hefur ekki bætt úr frávikum innan frests eða gjöld ekki greidd innan tilskilins tíma. Komi til fyrirvaralausrar uppsagnar fellur réttur notanda til að nota merkið niður. *BÍ* er heimilt að veita undanþágu, ef notandi veitir upplýsingar um hvenær sölu á þegar framleiddum vörum lýkur.

Að öðru leyti fer um vanefndir samkvæmt 7. kafla staðalsins.

8. Álagning sektar

Taki *BÍ* ákvörðun um tímabundið bann við notkun merkisins eða segir upp samningnum fyrirvaralaus er merkiseiganda heimilt að leggja sektir á *notanda*, sem samsvarar allt að tvöföldu leyfisgjaldi notanda fyrir notkun á merkinu miðað við notkun sl. 12 (tölf) mánuði, að lágmarki kr. 700.000. Leggst sektin við önnur gjöld sem heimilt er að innheimta samkvæmt samningi aðila.

9. Ýmis ákvæði

BÍ er heimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum og staðlinum til einkahlutafélags að hluta til eða öllu leyti í eigu *BÍ*. Skal það tilkynnt notanda skriflega.

Allar breytingar á samningi þessum skulu gerðar skriflega og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Rísi ágreiningur milli aðila, skulu þeir leitast við að leysa ágreininginn í sátt og verja til

Þess a.m.k. fjórum (4) vikum frá því að gagnaðila barst skrifleg tilkynning um ágreininginn. Takist ekki að leysa ágreininginn á þeim tíma geta aðilar vísað deilunni til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Öllu framanrituðu til staðfestu rita til þess bærir aðilar nöfn sín undir samning þennan.